



Reykjavíkurborg  
Skóla- og frístundasvið



## leikskólinn Geislabaugur

2019 – 2020



### **Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:**

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

## Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans:.....	3
1 Greinargerð leikskólastjóra .....	3
2 Innra mat deilda .....	5
2.1 Söngstund, val á milli deilda .....	5
2.2 Útivera og heilsuefling.....	6
2.3 Matstofan og eldhúsið.....	6
2.4 Skráningar og svæðaleikur .....	6
2.5 Greinargerð deildarstjóra á Stjörnunni.....	7
2.6 Greinargerð deildarstjóra á Lindinni.....	10
2.7 Greinargerð deildarstjóra á Lautinni.....	12
2.8 Greinargerð deildarstjóra á Sólinni.....	16
2.9 Greinargerð deildarstjóra á Fjallinu .....	18
3 Greinargerð starfandi sérkennslustjóra .....	21
4 Ytra mat.....	22
5 Starfspróunarsamtöl og fræðsla.....	23
6 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	24
7 Foreldrasamvinna.....	24
8 Skipulagsdagar og leikskóladagatal .....	24
9 Fylgigögn.....	26
9.1 Fylgiskjal 1 – Umbótaþættir innra mat.....	26
9.2 Fylgiskjal 2 - Samantekt um sérkennslu/stuðning.....	26
9.3 Fylgiskjal 3 - Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.....	26
9.4 Fylgiskjal 5 - Umsögn foreldraráðs .....	26



## Leiðarljós leikskólans:

### 1 Greinargerð leikskólastjóra

Ég, Þóra Jóna Jónatansdóttir, var ráðin leikskólastjóri við leikskólann Geislabaug og tók formlega við 1. ágúst 2018 en þá hafði ég leist fyrrverandi leikskólastjóra af í 4 mánuði. Auglýst var eftir aðstoðarleikskólastjóra í haustmánuðum og þann 1. janúar var Edda Guðrún Guðnadóttir ráðin í starfið. Hún kom frá Kópavogsbæ og var aðstoðarleikskólastjóri í Marbakka áður en hún kom til okkar. Mikið var gott að fá Eddu Guðrúnu í hópinn okkar. Stefna mín er að hlúa vel að starfsfólkinu og ná því besta út úr hverjum og einum þannig að það skili sér til barnanna. Það er mér mjög mikilvægt að öllum líði vel á sínum vinnustað og að öllum finnist þeir hafa tilgang. Á haustmánuðum hélt ég fundi með starfsfólkinu og fór yfir þessi markmið. Ég og deildarstjórar skólans breyttum svoltið vinnulaginu þannig að allir fengu hlutverk. Það hefur óneitanlega skilað sér inn í starfið og mér finnst fólkið glaðara, áhugasamara og er óhrætt við að segja sínar skoðanir. Starfmannaveltan hefur verið nokkuð góð og mjög fjölbreyttur hópur starfandi við skólann, aðeins fjórir leikskólakennarar eru hér í starfi sem er of lágt hlutfall en aðrir háskólamenntaðir eru átta. Tveir starfsmenn eru í námi í leikskólakennarafræðum. Haustið gekk mjög vel og byrjuðu öll börn á tilsettum tíma. Það komu tæp 40 ný börn í hús og gekk aðlögun vonum fram og var búið að aðlaga öll börn 5. september. Sérkennslustjóri hætti hjá okkur þann 1. apríl 2019 en nýr sérkennslustjóri byrjaði 1. maí og heitir Malena Írisardóttir Þórisdóttir og aðlagast hún vel inn í teymið okkar.

Ungbarnadeildin var tekin í notkun 1. september en þá byrjuðu 15 börn á deildinni og er samróma álit okkar að deildin er bæði vel skipulögð, falleg og hvetjandi eins og allur skólinn á að vera. Börnin þrífast afskaplega vel saman og þroskast vel. Mikið hefur verið gert í vetur, elstu börnin okkar sóttu Myndlistarskóla Reykjavíkur sem staðsettur er í vesturbænum og tóku þau strætó snemma á hverjum mánudagsmorgni í 6 vikur. Þau tóku síðan þátt í Barnamenningarhátíðinni í framhaldi af þessu verkefni. Sum elstu barnanna voru líka í íþróttaskóla á vegum Fram allan veturinn en við erum í samstarfi við íþróttafélagið og fylgjum börnunum á æfingar. Næst elsti hópurinn fékk danskennslu sem Guðbjörg Arnardóttir sá um í 6 vikur á vormánuðum og var almenn ánægja með það. Ákveðið er að hafa þetta aftur á næsta ári fyrir næst elstu börnin. Starfið gengur ljómandi vel og kom það vel fram bæði í skoðanakönnun til foreldra og starfsmanna að við höfum bætt okkur nánast í öllum þáttum. Mjög ánægð með niðurstöður starfsmannakönnunarinnar, þar sem ánægja starfsfólk og stjórnun leikskólans hækkaði mikið. Foreldrar og börn eru líka mjög ánægð með skólann, fengum einkunnina 4,52 af 5,0 sem telst mjög gott. Vil ég þakka það öllu okkar frábæra starfsfólki sem leggur sig allt fram til að öllum líði vel. Sjá nánar í kaflanum um ytra mat. Ekki má gleyma ógleymanlegri námsferð starfsfólk til Alicante á Spáni þar sem við tókum þátt í námskeiðinu Leikur og læra sem



Kristín Einarsdóttir stjórnaði og einnig námskeiði í söguaðferð sem Sara Jenny sá um. Þetta var mjög gott í reynslubanka okkar og munum við þegar á haustönn byrja með Leikur og læra stundir fyrir börnin. Einnig var þessi ferð mjög gott hópefli og samþjöppun starfsfólks.

### Áherslur fyrir næsta skólaár.

Aðaláhersla næsta árs verður innleiðing nýrrar Menntastefnu Reykjavíkurborgar: **Látum draumana rætast**. Við sóttum um styrk úr þróunarsjóði (sem var ætlaður í þetta) og fengum úthlutað úr honum. Við ætlum að efla félagsfærni og sjálfsefningu í leikskólanum og hugmyndin er að senda nokkra kennara á námskeið á vegum Barnaheilla sem heitir **Vinátta en það er forvarnarverkefni gegn einelti ætlað leikskólum og yngstu börnum grunnskóla**. Einnig viljum við vinna með barnasáttmálann og fá til liðs við okkur Ellen Jacqueline Calmon sem starfar á Skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar. Einnig verður lögð áhersla á Leikur að læra verkefnið sem við lærðum um í Alicante námsferðinni. Okkur langar að innleiða það og við að okkur efnivið í verkfærakistu sem myndi nýtast mjög vel í Hreyfistundum með börnunum. Við munum áfram halda vel utan um svæðaleik barnanna auk hefðbundinna hefða sem ríkja hér í skólanum (sjá skóladagatal) Elstu börnin fengu aftur úthlutað tímum hjá Myndlistarskóla Reykjavíkur sem er afar ánægjulegt. Fyrirhugað er að næst elsti árgangurinn fái danskennslu á vormánuðum eins og sl. ár. Við viljum halda áfram með jóga stundir og getur verið að við fáum jóga kennara í það starf það er í skoðun. Einnig mun Auður Hannesdóttir verða verkefnistjóri í skapandi starfi með börnunum og fer þá á allar deildir skólans og verður einn dag í viku á hverri deild.

Við erum bjartsýn á komandi skólaár og tökum á móti 37 nýjum börnum í skólann núna í ágúst og september og kveðjum jafnmörg börn sem fara í grunnskóla og í aðra leikskóla. Megi skólaárið 2019-2020 verða okkur farsælt.



## 2 Innra mat deilda

Ýmislegt hefur verið gert til þess að meta leikskólastarfið síðastliðinn vetur en reglulegt mat fer fram einu sinni í viku á deildarstjórafundum (símat). Þar er farið yfir helstu viðburði og námsþætti líðandi stundar í skólanum og rætt um hvernig hefur gengið og hvað mætti betur fara (gerð umbótaráætlun). Eftir hvern fund er skrifuð fundargerð, henni dreift á allar deildir hússins og allir starfsmenn lesa hana yfir. Með þessu móti hafa allir tækifæri á að fylgjast með gangi mála og koma með athugasemdir inn á næsta fund. Á vorin höfum við endurmatsdag þar sem allir deildarstjórar og stjórnendur fara saman yfir starfið á liðnum vetri. Í lok maí hittust stjórnendur skólans heilan dag heima hjá Þóru Jónu og gerðu saman endurmat og drög að áherslum næsta skólaárs út frá gátlistum starfsfólks og umbótaráætlunum. Til að brjóta upp daginn og fá smá hreyfingu í kroppinn var farið til hádegisverðar á veitingastaðnum Spírinni.

### 2.1 Söngstund, val á milli deilda

Söngstund var á hverjum föstudegi og telur starfsfólk að það henti vel. Almenn ánægja er með söngstund hjá börnum og starfsfólki og teljum við hana skemmtilega tilbreytingu í starfinu. Deildarnar skipta á milli sín umsjón söngstundar og þarf stjórnandinn að vera undirbúin og láta söngstundina ganga sæmilega hratt. En fjölga má auka við lögum sem eru sungin með hreyfingum eða nota „tákn með tali“. Yngstu börnin eiga eins og gefur að skilja erfitt með að sitja kyrr. Börnin eru mjög hrifin af því að fara upp í sal og taka þátt í söngstund.

Val á milli deilda er mjög vinsælt meðal barnanna og almenn ánægja er hjá starfsfólki sem telur að það sé rólegra yfirbragð í húsinu þegar val á milli deilda er. Flestum börnum finnst gaman að fá tækifæri til að fara inn á aðrar deildir en þau börn sem velja að vera á sinni deild, fá það.

Eitt af því sem okkur þótti leitt var að íþróttaskóli fyrir elstu börnin var á sama tíma og söngstund og val á milli deilda síðastliðinn vetur og gátu þau þar af leiðandi ekki tekið fullan þátt í vali á milli deilda og voru ekkert með í söngstund. Ákveðið hefur verið að hafa val á milli deilda á fimmtudegi í stað föstudags.



## 2.2 Útivera og heilsuefling

Útísvæðið tók miklum stakkaskiptum eftir lagfæringu sl. vors og leikurinn því fjölbreyttari. En alltaf má gera betur í að laga útísvæði að þörfum barnanna. Mikilvægt er að virða leik barnanna hvort heldur sem hann er úti eða inni. Strax í byrjun skólavetrar verður gömlu útileikfangageymslunni okkar breytt í útielhús og byggjum við vonir um að það muni efla leik barnanna enn meir. Yfirsýn kennara er mikilvæg en enn mikilvægari í útiveru þar sem leikrými er stórt. Því er nauðsynlegt að allir séu meðvitaðir um að við erum einn leikskóli og erum sem ein heild í útiveru ekki deildaskipt. Mikilvægt er að kennarar aðstoði börnin um að komast í leik og skipuleggi leiki í útiveru.

## 2.3 Matstofan og eldhúsið

Matstofan gengur mjög vel en betur má ef duga skal. Við verðum að muna að gefa borðþjónum góðan tíma til að undirbúa matstofu fyrir hádegisverð og jafnframt leyfa þeim elstu að taka þátt í frágangi í lok málsverðar. Sú nýbreytni var síðastliðinn vetur að afmælisbörn hvers mánaðar komu á fund til leikskólastjóra til að velja afmælistíð mánaðarins. Börnunum fannst þetta mjög spennandi og mun fyrirkomulag fundarins halda áfram í vetur. Meðlæti mætti vera fjölbreyttara og eru matartímar barnanna kjörnir til að kynna þeim það úrval sem til er í matflóru okkar. Neysla á grænmeti hefur aukist eftir að farið var að gefa börnunum grænmeti í ávaxtastundum en auka má fjölbreytni grænmetis með mat. Sem heilsueflandi leikskóla þá langar okkur að stefna að því að allur matur sé unninn frá grunni og brauðmeti bakað á staðnum. Eldhúsið er vel rekið og stenst fjárhagsáætlun.

## 2.4 Skráningar og svæðaleikur

Síðastliðin vetur höfum við náð að bæta okkur mikið í skráningum en við getum alltaf gert betur. Við mætum auka skráningar í daglegu starfi barnanna t.d. þegar þau eru að hjálpast að við ýmiskonar athafnir eins og að klæða sig eða leysa verkefni. Oftar en ekki þá hafa þær dottið upp fyrir sökum tímaleysis eða veikinda í starfsmannahópnum. En við verðum að muna að skráningar þurfa ekki að vera langar og tímafrekar. Með því að dreifa ábyrgð skráninganna á milli allra starfsmanna þá ættum við að ná settum markmiðum.

Umhverfið er mikilvægur þáttur í starfi með börnunum og hefur verið vel búið að umhverfin en í hugmyndafræði Reggio Emilia er umhverfið þriðji kennarinn. Umhverfið er örvandi og hvetjandi og börnin vita að hverju þau ganga. Svæðavinna er alltaf skemmtileg og börnin ávallt glöð í henni. Við



erum ávallt með það í huga að gera betur og því langar okkur til að prófa að skipta börnunum upp í fleiri hópa og útbúa svæðavalið þannig að það henti breiðari aldurshóp



## 2.5 Greinagerð deildarstjóra á Stjörnunni

Veturinn sem leið var ansi lærdómsríkur þar sem Stjörnunni var breytt í ungbarnadeild. Aðlögun barnanna byrjaði 3. september með fimmtán nýjum börnum og var það krefjandi en mjög lærdómsríkt. Aðlögun var í styttra lagi og við hefðum átt að hugsa betur fyrir ungum aldri barnanna og meiri þörf þeirra fyrir nærveru foreldranna. Því var ákveðið strax í kjölfarið að aðlögun fyrir haustið 2019 yrði endurútfærð. Þrátt fyrir það þá hafa börnin dafnað vel í vetur hjá okkur. Barnahópurinn á Stjörnunni var fjölbreyttur í ár. Meðal annars voru þrjú fjölgtyngd börn og einnig börn sem byrjuðu veturinn með stuðning. Með þessum fjölbreytta hópi reyndist vel að nota Tákni með tali og var einblínt á að nota tákni yfir helstu athafnir fyrst um sinn. tákni með tali reyndist okkur afar vel og voru

börnin fljót að tileinka sér táknið. Þegar veturinn leið undir lok fór deildarstjóri á tákni með tali námskeið á vegum Greiningarstöðvar og náði því enn betri tókum á þessari óhefðbundnu tjáskiptaleið. Til að hlúa að lýðræði barnanna höfum við einblínt á líðan barnanna og reynt að mæta þörfum þeirra þannig. Erfitt er að vera með rýnihópa barna á þessum aldri, þar sem mörg þeirra hafa einungis fá orð til að styðjast við. Með því að vera vakandi fyrir líðan barnanna á deildinni framkvæmdum við smávægilegar breytingar á umhverfi þeirra, leikfanga úrvali og fleiru, og gátum þannig haldið rýminu spennandi fyrir þau.

Á Stjórnunni voru fimm stöðugildi en mannbreytingar urðu á miðjum vetri sem gekk þó frekar vel því sami þriggja manna kjarninn var stöðugur og hélt vel utan um hópinn. Þrátt fyrir það hélst sami þriggja manna kjarninn sem hefur unnið vel saman og miðlað starfsháttum til nýrra starfsmanna. Það voru frekar mikil veikindi hjá börnunum sem er eðlilegt þar sem þau eru að byggja upp ónæmiskerfið, en það hindraði að vissu leyti framgang hópastarfs.

#### Innra mat Stjórnunnar

- Eitt af markmiðum vetrarins var að skipta barnahópnum í smærri hópa svo þau gætu notið sín betur í rýmnum. Starfsfólk Stjórnunnar var sammála því að ekki hefði gengið nægilega vel að fylgja þessu markmiði. Teljum við helstu ástæður þess vera starfsmannaveltuna og veikindin sem áður voru nefnd. Því þykir okkur skynsamlegt að hafa það áfram sem eitt af markmiðum okkar fyrir veturinn.
- Hitt markmiðið okkar var að bjóða börnunum upp á könnunarleikinn. Starfsfólkið var sammála því að verðlausi efniviðurinn okkar er uppáhalds leikefni barnanna. Hinsvegar teljum við nauðsynlegt að endurskoða eitthvað af efniviðnum því hann gæti valdið slysum. Einnig ætlum við að bæta við hann og gera hann fjölbreyttari.
- Til viðbótar við þessi markmið, var ákveðið að bæta við marvissri notkun tákni með tali í daglegu starfi og líka að bjóða oftari upp á lestur bóka og hafa bækur alltaf innan seilingar fyrir börnin





Umbóta- þættir Stjarnan	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma- áætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
<b>Hvað þarf að bæta?</b>	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð/ Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
<b>Að skipta barna hópnum í smærri hópa.</b>	Að skipta barnahópnum í smærri einingar svo börnin fá fleiri tækifæri til leiks í rýmum deildarinnar og stunda á þann hátt gott hópastarf.	Með því að koma skiptingunni í dagskipulagið og framkvæma hana markvisst.	Fljótlega eftir aðlögun (sept./ okt.) til maí	Deildarstjóri	Með samtölum við starfsfólk um miðjan vetur og með því að rýna í líðan barnanna.	Bæði börn og starfsfólk græða á rólegra umhverfi sem skapast þegar börnunum er skipt upp í smærri hópa.
<b>Könnunar- eikurinn – fleiri leikstundir</b>	Að gefa börnunum fleiri tækifæri til að leika með verðlausan efnivið	Með því að fyrirfram ákveða hvaða daga við ætlum í könnunarleikin n og skrá það inn í dagskipulagið	Sept.-jún.	Deildarstjóri	Með samtölum við starfsfólk deildarinnar og með því að taka mið af líðan barnanna. Um miðjan veturinn.	Börnin fá tækifæri til að örva skynfæri sín með því að leika sér með verðlausan efnivið.
<b>Tákn með tali</b>	Að efla málþroska barnanna og jafnvel flýta máltöku þeirra með notkun óhefðbundinna tjáskiptaleiða.	Með því að nota táknin í daglegu tali. Hengja upp myndir af táknunum svo allt starfsfólk geti tileinkað sér táknin.	Sept.- jún.	Deildarstjóri	Með samtölum við starfsfólk um miðjan veturinn.	Eykur tjáskiptaleiðir barnanna og eflir málþroska þeirra.
<b>Lestur bóka</b>	Að ýta undir lestraráhuga barnanna og veita þeim betra	Með því að útbúa lesrými á deildinni og hafa bækur	Sept. – jún.	Deildarstjóri	Með samtölum við starfsfólk	Eykur áhuga barnanna á yndislestri og hefur jákvæð



## 2.6 Greinagerð deildarstjóra á Lindinni

Við tókum á móti nýjum barnahópi miðvikudaginn 29. ágúst 2018. Við sáum strax að þetta yrði krefjandi hópur. Við gerðum fljótlega gott verkaskipulag fyrir starfsmenn og hefur það gengið vel. Það er gott fyrir starfsmenn að vita hvað er ætlast til af þeim á hverjum tímapunkti. Svæðavinna fór seint af stað. Við skiptum krökkunum upp í fimm hópa og vorum með svæðavinnu frá 9-9:30. Við náðum því miður ekki að halda því striki vegna ýmissa ástæðna og höfum við því ákveðið að reyna að halda því inni sem einu af okkar markmiðum fyrir komandi vetur.

Deildastjórar Lindarinnar fóru í vetur á leiðtoganámskeið sem skilaði sér vel inn í starfið. Þær voru uppfullar af hugmyndum sem þær dreifðu vel inn í hópinn. Einnig fékk starfshópur Lindarinnar fræðslu um tákni með tali og nýtist það okkur vel í starfi. Einn starfsmaður deildarinnar er í leikskólakennaranámi og fór hún í vettvangsnám í annan leikskóla. Hún kom til baka uppfull af hugmyndum sem glæddi starfið okkar.

Innra mat Lindarinnar

Á síðasta ári var eitt af markmiðum Lindarinnar að börnin fengi tækifæri til að vera í minni hópum og njóta sín betur í starfi. Við byrjuðum á hópastarfi þar sem við skiptum þeim upp í hópa og munum við halda því áfram næsta vetur. Þrátt fyrir að hafa ekki uppfyllt markmið okkar með markvissum hópaskiptingum þá sáum við engu að síður hvað þetta gerði mikið fyrir börnin. Þeim leið betur og undu sér betur í leik.

Annað markmið Lindarinnar var að nýta spjaldtölvuna meira í skráningum. Það gekk ekki vel og ætlum við því að standa okkur betur á næsta skólaári.

Þriðja markmið Lindarinnar var að efla sjálfstæði barnanna hafa efniviðinn aðgengilegri fyrir börnin. Það gekk mjög vel og er komið inn í okkar starf. Við munum halda áfram að nota dagskipulag og útiveruplanið okkar og taka fá börn fram í fataklefann í einu.

Umbóta- þættir Lindin	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma- áætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð/ Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Markvissari svæða- vinnu.	Að nýta svæði deildarinnar betur með því að skipta börnunum í hópa.	Skiptum börnunum í fjóra hópa. Með því að virkja kennara í þátttöku.	Strax eftir aðlögun. (septemb er til júní)	Deildarstjóri.	Fá börn og kennara til að endurmeta starfið í janúar.	Ánægðari börn, rólegra umhverfi og glaðir kennarar.
Barnalýðræð i	Leyfa börnunum að hafa val um hvað þau vilji gera t.d. í útiveru, eftir hressingu og í salnum.	Að hafa efniviðinn myndrænan til að auðvelda þeim valið og leyfa þeim að taka þátt í því sem er í boði.	Ágúst til júlí.	Deildarstjóri	Í janúar.	Aukið sjálfstraust barnanna.
Markvissari samverustu nd.	Nota tákni með tali í söngstundum og bæta Lubba inn í samverustund.	Að allir starfsmenn séu meðvitaðir um mikilvægi þessara málörvunar verkfæra	Ágúst – júlí (Tákn með Tali) Lubbi (Janúar- Júlí)	Deildastjóri	Janúar	Efla málþroska barnanna og samskipti þeirra.
Nýta spjaldtölvun a meira í skráningar	Fá fleiri skráningar af því sem börnin eru að gera.	Virkja kennara til að prófa sig áfram með spjaldtölvuna við gerð skráninga.	Ágúst 2019 til júlí 2020	Deildarstjóri	Janúar	Með því að telja hver margar skráningar koma inn.



## 2.7 Greinagerð deildarstjóra á Lautinni

Svæðaleikurinn var styttri en síðasta vetur. Börnin voru yngri og entust skemur á hverju svæði í einu og þurfti því að dreifa börnunum meira um svæðin. Vegna aldursdreifingar og yngri aldurs barnanna þurftum við að hætta með hádegishópa þar sem það gekk illa upp vegna hvíldartíma barnanna. Við erum sífellt að þróa umhverfið með því að vera sveigjanleg og opin fyrir breytingum á svæðum svo það henti betur barnahópnum hverju sinni. Færðum til kubba og bókahillur og útbjuggum stærra opið rými í aðalstofunni.

Hvert barn fékk markvissa málörvun í u.þ.b. 15 mín 1 sinni í viku og var það einn kennari sem tók það verkefni að sér. Stuðst var við spjöld með myndum fyrir yngri börnin (2015-2016) þar sem kennari fór yfir hvað væri á myndinni, hvaða hljóð það framkallaði o.s.frv. og út frá því spruttu góðar samræður. Með eldri börnunum (2014) voru notuð ýmis verkefni úr Orðagulli og Ljáðu mér eyra. Börnin lærðu fljótt að hlusta, fara eftir fyrimælum og aðstoða hvert annað.

### Rýnihópur barna

Á Lautinni eru þrír árgangar. Tvö börn voru valin úr hverjum árgangi, samtals sex börn. Yngsta barnið var 2,9 ára og elsta barnið var 5,5 ára. Börnunum voru sýndar myndir af hverju rými deildarinnar sem og sal, matstofu og útisvæði. Einu barni fannst mjög áhugavert hvernig kennari gat tekið myndir af svæðunum án þess að börnin væru með á myndinni: „en hvernig gastu tukið mynd þegar við vorum ekki þarna að leika?“ Börnunum fannst flestum skemmtilegast að leika sér í Rauða herberginu með vinum sínum í mömmó eða öðrum dúkkuleik og/eða með bangsa. Í aðalrýminu fannst börnunum skemmtilegt að lita og þá sérstaklega útprentaðar myndir en það er eitthvað sem er gert algjörlega spari til þess að hefta ekki í myndunarafl barnanna. Einnig fannst þeim gaman á bananaborðinu og þá helst að perla með litlum perlum. Yngstu börnunum fannst skemmtilegast að borða þar enda höfum við hressingu einnig á því borði. Elsta barninu í hópnum fannst það mjög fyndið að þeim yngstu þætti skemmtilegast að borða ☺ það voru engin börn sem nefndu litla borðið sem áhugaverðan kost til að leika við og því spurði kennarinn hvaða dót væri hægt að leika með á því borði svo það veki áhuga barnanna og nefndu þau m.a. litla plúskubba, perlur og legókubba.

Fyrir hreyfistundir höfum við stóran sal sem er á efri hæð hússins sem og stórt og mikið útisvæði. Öll börn fá hreyfistund í sal einu sinni í viku. Öll börn fara einnig út 1-2svar á dag. Kennari spurði börnin hvort svæðið þeim þætti skemmtilegra og nefndu öll börnin að salurinn væri skemmtilegri en útisvæðið, „við veljum öll salinn“. Í salnum finnst börnunum skemmtilegast að hoppa á trampólíni, vera í búningum, hoppa á stóra dýnu úr rimlum og leika með mjúka kubba.



Útisvæðinu okkar er skipt upp í litla garð og stóra garð með girðingu og hliði. Í litla garðinum er sandkassinn okkar, lítil rennibraut, ormur og frjálst rými. Í stóra garðinum er að finna rólur, fótboltavöll, kastala, bíl og stórt frjálst svæði með stórum steinum, staurum, hólum o.fl. Kennari spurði börnin hvað þeim þætti skemmtilegast að gera á útisvæðinu og þá segir eitt barnið „æ bara, mér finnst skemmtilegast svona að kríta mig í andlitinu ... og líka gera svona gulan lit sem er inni í blómunum“ 😊 Öllum börnunum fannst skemmtilegra að leika sér í stóra garðinum en litla garðinum. Þeim fannst skemmtilegast að leika á kastalavæði, róla í netarólu (aparólu, köngulóarólu), hoppa á stóru steinum o.fl. Að lokum sýndi kennari börnunum myndina af salnum okkar en hann nýttist einnig sem matstofa. Nú vildi kennari fá að vita hvað börnunum þætti um matstofuna. Þau voru öll sammála um að þar væri gaman að vera og að engin læti væru í matstofunni. Flestum fannst grjónagratu með slátri besti maturinn en einnig nefndu þau fisk og kjötbollur.

#### Rýnihópur barna á Lautinni vorið 2019



Frá vinstri: Elena Rut, Harpa Rakel, Erna Lind, Kristín Birta, Hjörtur Snær og Óðinn.

#### Innra mat Lautin

Kennarar tóku meiri þátt í svæðaleik og var barnahópnum skipt meira niður. Kennarar fengu ekki undirbúning fyrir hugmyndavinnu fyrir svæðaleik enda á hugmynd að leika að koma frá börnunum sjálfum. Kennarar fengu hinsvegar undirbúning fyrir önnur verkefni svo sem afmælisráningar, ferðabangsaskráningar, myndaflokkun og undirbúning fyrir málörvunartíma.



Spjaldtölvun var nýtt meira í skráningar og var þar sérstaklega einn kennari sem tók sig til og gerði flottar skráningar út frá verkefnum í jafnréttisviku á leikskólanum. Í jafnréttisvikunni gerðu börnin ýmis verkefni tengd jafnrétti og má þar meðal annars nefna svampaverkefni þar sem börnin fengu að velja annað hvort bleikan svamp eða bláan svamp til að leika með. Tilgangurinn var að sjá hvort litirnir blár og bleikur höfðu áhrif á val barnanna. Einnig fengum við heimsókn frá karlkyns hjúkrunarfræðing og kvenkyns smíð sem hafa stigið yfir kynjalandaþæmi atvinnugreinar sinnar.

Kennurum fannst hinsvegar vanta frekari eftirfylgni í kjölfar jafnréttisvinnunnar. Þeim fannst vanta að það yrði farið yfir hvaða árangri vikan hefði skilað, vantaði umræður um verkefni og einhverjar niðurstöður. Hvað stóð upp úr? Hvað kom á óvart? (til dæmis að stelpurnar höfðu lítinn áhuga á að mæta í skyrtu og með bindi en strákarirnir voru duglegir að mæta í kjólum) og hvað mátti bæta fyrir næstu jafnréttisviku?

Hvorki Lubba efni né málörvunarefni frá Lions var nógu vel nýtt og því viljum við halda áfram með það markmið en þar sem barnahópurinn mun yngjast töluvert næsta vetur munum við einbeita okkur meira að Lubba. Öll börn fengu málörvun 1 sinni í viku eins og fram kom hér að ofan. Við viljum því halda áfram með Lubba og hafa markvissar Lubba stundir fyrir hvert barn.

Umbóta- þættir Lautin	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma- áætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
<b>Hvað þarf að bæta?</b>	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð/ Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.



<p><b>Markvissar sögustundir</b></p>	<p>Að valin verði ein saga til að lesa í hverjum mánuði. Að kennarar kynni sér story telling formið.</p>	<p>Með því að skipta barnahópnum í minni hópa eftir aldri og/eða getu. Barnahópurinn fái að velja söguna sem lesin verður. Bjóða kennurum upp á undirbúning fyrir hugmynda-vinnu fyrir sögustundir.</p>	<p>Haust 2019 – vor 2020</p>	<p>Deildarstjóri ber ábyrgð og allir starfmenn deildarinnar framkvæma.</p>	<p>Haldið verður utan um hvaða bækur voru lesnar í hvaða mánuði og hvaða verkefni voru gerð út frá tiltekinni sögu. Stuttar skráningar verði gerðar út frá hverri sögu og verkefni.</p>	<p>Erfitt getur verið að meta árangur þar sem þessi vinna hefur ekki verið innleidd áður og því spennandi að sjá hver útkoman verður næsta sumar. Við teljum að raddir barnanna séu mikilvægar og hvetjum því til lýðræðis innan barnahópsins. Ætlunin er að gefa börnunum frjálsar hendur og leyfa þeim að stýra hvaða verkefni verða framkvæmd.</p>
<p><b>Að Lubbi verði betur nýttur</b></p>	<p>Að nýta Lubba efni betur.</p>	<p>Barnahópnum verður skipt í litla hópa eftir getu og/eða aldri. Öll börnin fái Lubbastund einu sinni í viku.</p>	<p>Haust 2019- vor 2020</p>	<p>Deildarstjóri ber ábyrgð sem og aðrir starfmenn deildarinnar.</p>	<p>Haldið verður utan um þá stafi sem börnin hafa farið yfir.</p>	<p>Með því að hafa plan þar sem hægt er að sjá hvaða stafur verður tekinn fyrir hverja viku er hægt að sjá hvort því</p>



	<p>Á mánudögum er tekið fyrir nýtt hljóð, það sungið alla vikuna sem og í sameiginlegri söngstund í sal í lok vikunnar.</p> <p>Að allir kennarar fá undirbúning til þess að kynna sér Lubba.</p>				<p>markmiði sé náð eða ekki.</p> <p>Einnig er hægt að halda til haga hvort börnin vanti ákveðin hljóð og ef svo er þá væri hægt að vinna með þau börn frekar.</p>
--	--	--	--	--	---

## 2.8 Greinagerð deildarstjóra á Sólinni

Við höldum áfram að þróa svæðaleikinn hjá okkur. Erum stöðugt að prufa hvað hentar betur hverjum barnahóp fyrir sig. Við upphaf skólaárs komu mörg ný börn og voru þau töluvert yngri en við höfðum haft á skólaárinu á undan. Þau voru nokkrar vikur að átta sig á hvernig þau ættu að velja og hvert þau ættu að fara. Því breyttum við aðeins valstundinni þannig að bæði (börn og kennarar) átta sig betur á hvaða svæði hver og einn er búinn að velja. Vorum með börn sem sváfu í hádeginu til áramóta og því gátum við ekki haft hópá í hádeginu í læsistengdum verkefnum. Eftir áramót tókst okkur mjög vel að hafa þessa hópá og teljum við það mjög mikilvægt fyrir börnin að fá þennan tíma í litlum hópum að vinna ýmis verkefni.

Unnum markvist að því að fara ekki með öll börn í fataherbergið á sama tíma og gekk það mikið betur að hjálpa þeim að klæða sig í útifötin. Þessi vinna er að skila sér þar sem rýnihópur barna á deildinni töluðu um að það væri fínt að vera í fataherberginu og gaman að geta klætt sig sjálf í.

Við fengum leikskólakennaranema á deildina okkar í 6 vikur og vann hún könnunaraðferðina með börnum fædd árið 2014, þetta verkefni heppnaðist mjög vel, áttu börnin ásamt nemanum og vettvangskennara skemmtilega tíma saman. Fram kom í endurmati frá börnunum sem voru í hópnum að þeim fannst verkefnið skemmtilegt og lærðu mikið um viðfangsefnið. Þeim fannst margt erfitt og





annað létt. Voru þau öll sammála um að það ætti að vera svona verkefni fyrir næst elsta árganginn og því ætlum við að hafa annað svona verkefni eftir áramót árið 2020.

Innra mat á Sólinni

Við vorum duglegar að gera fræðilegar skráningar á skólaárinu en viljum bæta og þróa þær, sérstaklega gera fleiri skráningar sem ekki eru fyrir fram ákveðnar. Erum alltaf að bæta okkur í skráningum og verða öruggari en það má alltaf gera betur og gera fleiri skráningar.

Við settum okkur það markmið að virkja kennara betur ásvæðum. Ætluðum að hafa skipulagt alla morgna hvar hver og einn kennari ætlaði að vera. Okkur tókst mjög vel að bjóða upp á ýmis verkefni fyrir börnin. Búið var til skipulag hvar hver og einn ætti að vera en okkur þótti það of stýrt og kennarar vildu frekar tala sig saman hvar þeir vildu vera og hvað þeim langaði að bjóða upp á. Þetta tókst mjög vel og það voru alltaf einn til tveir kennarar með eitthvað spennandi fyrir börnin að gera alla morgna, fór eftir starfsmannastöðunni hverju sinni. Einnig var boðið upp á útsvæðið nokkra daga. Rýnihópur barna talaði um að það væri líka gaman að velja útsvæði í svæðaleiknum og því ætlum við að bjóða meira upp á það á næsta skólaári. Þau svæði sem börnunum fannst gaman á eru rauða og bláa herbergi. Í vor byrjuðu nokkur börn að vefa og töluðu þau um að það væri gaman að vefa í græna herbergi og ætlum við að halda áfram með það næsta haust.

Við náðum ekki að þróa græna herbergið. Til áramóta var herbergið mikið notað í hvíld og þurftum við að geyma mörg námsgögnin inn í skáp. Myndvarpinn okkar gaf sig á miðju skólaári og misstum við mikið við það. Vonandi náum við að láta gera við hann á næsta skólaári. Námsgögnin hafa ekki aukist frá fyrra skólaári. Við ætlum að halda áfram og bjóða oftari börnum þar inn með kennara. Við vorum alls ekki duglegar að vinna með Lubba og ætlum við að gera meira af því næsta skólaár. að þróa þetta herbergi og hafa fleiri námsgögn þar inni



Umbótaþættir Sólin	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlu n	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
<b>Hvað þarf að bæta?</b>	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmu m við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð/ Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
<b>Samvinnuverkefni</b>	Börn fædd 2015 vinni að verkefni saman. Samvinnuverkefni.	Einn kennari sér um hvern hóp og aðstoðar þau í verkefninu.	Feb 2020 til lok apríl	Deildarstjóri sér um að starfsmaður taki ábyrgð á hópnum.	Hver hópur er eina til tvær klukkustundir í viku í verkefninu.	Sýning um vorið þar sem foreldrar koma og sjá.
<b>Lubbi finnur málbeinið</b>	Vinna meira með Lubbi finnur málbeinið.	Gert í samverustund með öllum börnunum.	Haust 2019	Deildarstjóri	Taka einn staf í viku	Ná að klára alla stafina fyrir vor 2020
<b>Græna herbergi</b>	Halda áfram að þróa græna herbergið.	Hafa efniviðin aðgengilegan fyrir börnin og bæta við þann sem fyrir er.	Haust 2019 – vor 2020	Deildarstjóri og allt starfsfólk	Allir starfsmenn eru opnir fyrir hugmyndum og verkefnum.	Að herbergið sé með fleiri námsgögnum vor 2020

## 2.9 Greinagerð deildarstjóra á Fjallinu

Á Fjallinu þetta skólaár voru þrjú árgangar, elstu börn leikskólans (2013), næst elstu (2014) og ári yngri (2015). Þennan vetur voru miklar mannbreytingar en það byrjaði nýr deildarstjóri á Fjallinu um haustið og svo tók annar við um vorið. Sökum mikilla mannbreytinga og manneklu var því var veturinn frekar krefjandi fyrir vikið en starfið gekk þó vel. Við lögðum því mikla áherslu á útiveru og svæðaleik sem hefur gengið vel fyrir okkur.



Það tókst vel að halda áfram með myndrænt skipulag og þá sérstaklega fyrir börn sem kljást við kvíða. Með því að ræða um hvaða dagur sé og að setja hann upp myndrænt þá sköpum við öryggi og festu og börnin vita hverju þau ganga að. Þetta æfir þau einnig að tala fyrir framan hópinn er þau svara hvaða dagur sé og hjálpa kennurum að raða miðum fyrir daginn. Í ár var eitt barn með stuðning á Fjallinu.

Stefnt var á tvær samverur á hverjum degi, eina um morguninn og eina fyrir hádegismatinn. Morgunsamveran byggist á að setja upp daginn, borða ávexti og spjalla saman eða það er lesið fyrir börnin. Reynt var að halda áfram með ríka áherslu á lestur og lesið ýmist í samverum eða innan deildarinnar, en aldursmunurinn á milli yngstu og elstu barnanna á deildinni var mikill og því krefjandi að finna lestrarefni sem hentar öllum.

Svæðaleikurinn hélt sér eins og hann hefur verið síðustu ár. Á morgnanna völdu börnin sér svæði sem þau vildu leika sér á þann morgun en útivera var ekki alltaf í boði ef það vantaði kennara og þá einungis þrjú svæði í boði. Frekar voru það allir sem fóru út eða þá að við höfðum svæðaleik sem var inni. Innan hvers svæðis höfðu börnin val um viðfangsefni innan viss ramma. Þá höfðu þau einnig möguleika á að skipta um viðfangsefni innan hvers svæðis. Seinni part dagsins eftir útiveru var flæðandi hressing eins og hefur verið og frjáls leikur á deildinni. Á fimmtudögum var meistarastarf og skipulögð hreyfistund í salnum. Fótboltaæfingar fyrir elstu börnin voru á föstudagsmorgnum, sem olli því að elstu börn misstu af söngstund og valinu fyrir val á milli deilda. Í vetur og vor voru elstu börn einnig í Myndlistaskóla Reykjavíkur sem gekk mjög vel.

Auka verður samskipti á milli deildarstarfsmanna helst með því að hafa fleiri deildarfundir og með jafnara millibili. Það þarf að leggja áherslu á samræmi milli deildarstarfsmanna.

Umbótaþættir Fjallið	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmu m við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.



<b>Aukin málörvun</b>	Auka málörvun, bæði með einstaklingum og í stærri hópum.	Nota samverur í málörvunar æfingar auk þess að gefa tíma til að æfa í minni hópum og með einstaklingum.	Allur veturinn.	Deildarstjóri og aðrir starfsmenn.	Halda skrá utan um hvað sé gert og með hvaða börnum.	Að öll börn fái aukna málörvun og það sé haldið vel að börnum sem þurfa meiri aðstoð.
<b>Efla sjálfstraust og félagsfærni</b>	Auka sjálfsvirðingu og þar af leiðandi félagsfærni.	Kenna markvisst hvernig við tökum á vissum aðstæðum, æfa þau að tala fyrir framan hvort annað (hægt að tengja við ferðabangsan Fjólu).	Allur veturinn, auka áherslu um vorið, t.d. í kringum jafnréttisviku.	Allir starfsmenn á deildinni.	Meta hvernig gengur að tala fyrir framan hópinn. Hægt að meta með fjölda aðferðum. Meta á deildarfundi að hausti og aftur um vorið.	Skrá markmið fyrir hvert barn og bera saman í upphafi og lok skólaárs.
<b>Auka sköpun í listasmiðju</b>	Efla starfsmenn í að nýta ólíkan efnivið og einnig leyfa börnunum að spreyta sig og nýta sköpunargáfu sína.	Skipulagt listastarf, t.d. í Regnbogalandi (í svæðavali) á vissum dögum.	Ágúst-október 2019 og mars-maí 2020.	Allir starfsmenn á deildinni auk þess að nýta Auði, mögulegan listasmiðjustjóra	Halda skrá utan um viss verk til að tryggja að allir geri þau. Passa að það séu ekki alltaf sömu börnin (þau sem velja Regnbogaland oftast) sem gera öll listaverkin).	Að ferilmöppur séu með listaverkum í, nóg af verkum fyrir vorsýningu og að við skreytum veggj með listaverkum.



### 3 Greinargerð starfandi sérkennslustjóra

Sérkennslustjóri fór í veikindaleyfi í október 2018. Þroskþjálfari sem vann í húsinu í 50% starfi leysti sérkennslustjóra af að ákveðnu marki en var einnig með barn í stuðning svo sérkennslan í vetur takmarkaðist af því. Í vetur voru sjö börn í húsinu með stuðning. Stuðningstímar voru 29 á dag. Stuðningstímarnir fengust af ýmsum ástæðum, t.d. einkenna á einhverfurófi, hreyfihömlunar og vandamála með næringu. Eitt barn fékk einhverfugreiningu vorið 2019 og annað barn fékk greiningu á vöðvasjúkdómi og málþroskavanda í vetur. Tvö börn eru á bið eftir að komast að hjá Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins vegna einkenna á einhverfurófi. Tvö börn sem voru með stuðning í vetur vegna einkenna á einhverfurófi og voru á bið hjá Greiningarstöð hættu í leikskólanum í vor vegna flutninga.

Í janúar 2019 kom til starfa leikskólakennari sem hefur réttindi á EFI- 2 og hún hófst handa við að leggja það fyrir þau börn sem það átti við, en enginn í húsi hafði réttindi á það frá október til janúar. HLJÓM-2 var lagt fyrir öll elstu börn leikskólans í haust og aftur eftir áramót fyrir þau sem þurftu á því að halda. Íslenski þroskalistinn var lagður fyrir þau börn sem talin voru þurfa á því að halda í vetur. TRAS var lagt fyrir nokkur börn í haust. AEPS var lagt fyrir öll börn sem höfðu stuðningstíma. Úr niðurstöðum TRAS, EFI-2 og AEPS voru gerðar einstaklingsnámskrár. Leikskólinn hefur ekki farið þá leið að gera einstaklingsnámskrá fyrir hvert barn en unnið er með ferilmöppur fyrir hvern einstakling þar sem haldið er utan um skráningar, teikningar og annað varðandi þroska barnsins.

Samskiptabækur voru notaðar þar sem talin var þörf á því og misjafnt var hversu oft bækurnar fóru heim með börnunum. Teymisfundir voru haldnir reglulega, eða á um 6 vikna fresti vegna þeirra barna sem höfðu stuðningstíma og nokkrir fundir vegna annarra barna. Á þessa fundi komu fulltrúar frá Þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts og í sumum tilfellum frá Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins og Barnavernd Reykjavíkur. Í vetur voru notaðar félagsfærnisögur og umbunarkerfi með nokkrum börnum. Nokkur börn fóru í sjúkra- og iðjuþjálfun á Æfingastöðinni og í sumum tilfellum fylgdi stuðningurinn þeim þangað.

Þegar kom í ljós að sérkennslustjórinn kæmi ekki aftur til starfa var ráðinn annar sérkennslustjóri í 100% stöðu frá 1.maí 2019.



## 4 Ytra mat

**Starfsmannakönnun** fór fram í febrúar 2019 á vegum SFS. Helstu niðurstöður eru þær að við höfum bætt okkur nánast í öllum þáttum frá síðustu könnun. Meðalskor allra þátta var 4,16 en var 3,87 árið á undan. Allir þættir hafa hækkað frá fyrra ári starfánægja hækkaði frá 3,91 í 4,41 og er þetta ánægjuleg niðurstaða og markmiðið er að standa okkur enn betur. Einn þáttur kom ekki vel út en það er einelti sem einhver telur sig verða fyrir sem er mjög alvarlegt og verður það skoðað ítarlega og unnið í því að uppræta það.

**Foreldrakönnun** fór fram í apríl 2019 á vegum SFS. Þátttaka í könnuninni var 71% eða 68 Það var ánægjulegt að við höfum bætt okkur nánast í öllum þáttum sem snéru að könnuninni. Meðalskor allra þátta var 4,58 en meðaltalið í Reykjavík er 4,54. Barninu líður vel í skólanum, leikskólanum er vel stjórnað og vingjarnlegt andrúmsloft kemur mjög vel út. Við erum sátt og að sjálfsögðu viljum við að öllum líði vel í skólanum og stefnan er að halda því áfram og gera enn betur.



## 5 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Skipulögð starfsþróunarsamtöl eru a.m.k. einu sinni á ári, í febrúar og mars. Hver starfsmaður fær klukkustund með skólastjóra eða aðstoðarskólastjóra, þar sem unnið er samkvæmt verklagsreglum útgefnum af starfsmannþjónustu Reykjavíkurborgar. Að öðru leyti eru samskipti skólastjóra og aðstoðarskólastjóra við alla starfsmenn opin og hreinskiptin. Rík áhersla er lögð á mikilvægi góðra samskipta milli allra starfsmanna.

Símenntun fór fram í formi fyrirlestra og námskeiða sem ýmist var haldið hér á skipulagsdögum eða annars staðar. Skólastjóri var í vetur í forystunámskeiði sem var haldið fyrir stjórnendur í leikskólum.

Á fyrsta skipulagsdegi sem var 21. september var kynning á nýju tölvukerfi sem Þórhallur Maack stjórnaði. Hrönn Pálmadóttir hélt fyrirlestur um yngstu börnin í leikskólanum. Eftir hádegi fengum við kynningu frá Sorpu um flokkun o.fl.

Þann 19. október fór leikskólastjóri á ráðstefnu um Flæði – hugarástand í leik og starfi sem leikskólinn Rauðhóll stóð fyrir og tókst mjög vel.

Í byrjun febrúar var setning nýrrar menntastefnu Reykjavíkurborgar - látum draumanna rætast.

Daginn eftir var fyrsti starfsdagur vormánaðar þar sem farið var á ráðstefnu skóla og frístundasviðs – Sá sem er glaður er góður og voru margir áhugaverðir fyrirlestar á henni sem gaman var að hlusta á og læra af. Eftir ráðstefnu var haldið í Geislabaug og Jól Sæmundsson var með hópefli sem var mjög skemmtilegt og eftir það var starfsmannafundur þar sem farið var yfir viðburði dagsins. Í mars fóru tveir starfsmenn á námskeið þar sem farið var yfir helstu grunn atriði myndbandssýnikennslu. Í júní fóru þrjú starfsmenn á námskeið í tákni með tali –TMT og síðar sömu viku fór hluti starfsmanna í námsferð til borgarinnar Alicante á Spáni daganna 8. til 13. júní, þar var farið á námskeið á vegum Leikum að læra og Storytelling. Þeir starfsmenn sem voru heima fóru í tvær leikskólaheimsóknir sem starfa eftir Leikur að læra námsfræðunum ásamt fyrirfram ákveðinni verkefnavinnu.

Trúnaðarmaður Eflingar sótti trúnaðarmannafund sem haldinn var í maí og kosinn var trúnaðarmaður fyrir starfsmenn sem eru í Sameyki áður Starfsmannafélag Reykjavíkur sem fór á trúnaðarmannanámskeið. Skólastjóri og aðstoðarskólastjóri fóru á ráðstefnu á vegum FSL.



## 6 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

- Sæmundarskóli og Ingunnarskóli eru hverfisskólar Geislabaugu og hefur samstarf verið að þróast alveg frá opnun leikskólans haustið 2004. Elstu börnin fara einu sinni í mánuði í heimsóknir yfir veturinn og kynast umhverfi og starfsfólki skólans sem þau verða nemendur í. Á degi íslenskrar tungu koma nemendur úr Ingunnarskóla og lesa upp úr bókum fyrir börnin í Geislabaugi.
- Á haustmánuðum hittast fulltrúar beggja skólastiga og endurmeta og skipuleggja samstarfið. Einnig koma kennarar í fyrsta bekk grunnskóla til okkar á vorin og fara yfir öll börnin sem eru væntanleg til þeirra. Raða í bekk og eru svo með sérstakan fund er varða öll sérkennslubörn.

## 7 Foreldrasamvinna

Foreldraráð er starfandi við skólann og eru þrjú fulltrúar í ráðinu. Þeir eru kosnir á aðalfundi ár hvert sem haldinn er í október. Þeir fara yfir ársáætlanir og gefa umsögn. Einnig hefur sumarlokunin verið kynnt þeim til samþykktar.

Foreldrafundir eru að hausti og oftast í október og þá er jafnframt aðalfundur foreldrafélagsins. Einnig eru kallaðir til fundir ef einhverjar mikilvægar breytingar eiga sér stað. Boðið er upp á foreldraviðtöl tvisvar á ári í nóvember og apríl.

Foreldrafélagið hefur í góðri samvinnu við okkur séð um sveitaferð skólans og jólaföndur á hverju ári. Einnig hafa þau stutt skólann með gjöfum s.s. myndavélum, leikföngum og öðru sem nýst hefur vel. Boðið er upp á leiksýningar, tónleika o.fl.

## 8 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Skipulagsdagar skólaárið 2019-2020 verða: 20. september, 7 febrúar, 20 mars og 22 maí.

Sameiginlegir skipulagsdagar með grunnskólum hverfisins verða 28. október og 15 nóvember.





# Leikskólalagatal 2019 - 2020

Nafn skóla:

AGUST	SEPTEMBER	OCTÓBER	NOVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MÁJ	JÚNÍ	JÚLÍ
F. Sunnari	1 S.	1 Þ.	1 F.	1 S.	1 Mýzisdagur	1 L.	1 S.	1 M.	1 F.	1 M.	1 M. ísl. áskorun
F. Sunnari	2 M. Adalgun - Steinar	2 M.	2 L.	2 M.	2 S.	2 S.	2 M.	2 F.	2 L.	2 Þ.	2 F.
L.	3 Þ. Adalgun - Steinar	3 F.	3 S.	3 Þ.	3 M.	3 M.	3 Þ.	3 F.	3 S.	3 M.	3 F.
S.	4 M. Adalgun - Steinar	4 F.	4 M.	4 M.	4 Þ.	4 Þ.	4 M.	4 L.	4 M.	4 F.	4 L.
M. Adalgun vaxtarmenu	5 F.	5 L.	5 Þ.	5 F.	5 S.	5 M.	5 F.	5 S.	5 Þ.	5 F.	5 S.
Þ. Sunnari	6 F.	6 S.	6 M.	6 F.	6 Mírósdagur	6 F. Þingfrídagur	6 F.	6 M.	6 M.	6 L.	6 M.
M. Sunnari	7 L.	7 M.	7 F.	7 L.	7 Þ.	7 F. Þingfrídagur	7 L.	7 Þ.	7 F.	7 S.	7 Þ.
F. Sunnari	8 S. Þingfrídagur	8 Þ.	8 F.	8 S.	8 M.	8 L.	8 S.	8 M.	8 F.	8 M.	8 M.
F.	9 M.	9 M.	9 L.	9 M.	9 F.	9 S.	9 M.	9 F.	9 L.	9 Þ.	9 F.
L.	10 Þ.	10 F.	10 S.	10 F.	10 M.	10 M. Óskuldbrotuneypting	10 F.	10 F. Þingdagarhöfud	10 S.	10 M.	10 F.
S.	11 M.	11 F.	11 M.	11 M.	11 L.	11 Þ. Óskuldbrotuneypting	11 M.	11 L.	11 M.	11 F.	11 F.
M.	12 F.	12 L.	12 Þ.	12 F.	12 S.	12 M. Óskuldbrotuneypting	12 F.	12 S.	12 Þ.	12 F.	12 S.
Þ.	13 F.	13 S.	13 M.	13 F.	13 M.	13 F. Óskuldbrotuneypting	13 F.	13 M.	13 M.	13 L.	13 M.
M. Sunnari ísl. áskorun	14 L.	14 M.	14 F.	14 L.	14 Þ.	14 F. Óskuldbrotuneypting	14 L.	14 Þ.	14 F.	14 S.	14 Þ.
F.	15 S.	15 Þ.	15 F.	15 S.	15 M.	15 L.	15 S.	15 M.	15 F.	15 M.	15 M.
F.	16 M. Þingdagarhöfud	16 M.	16 L.	16 M.	16 F.	16 S.	16 M.	16 F.	16 L.	16 Þ.	16 F.
L.	17 Þ. Þingdagarhöfud	17 F.	17 S.	17 Þ.	17 F.	17 M. Óskuldbrotuneypting	17 Þ.	17 F.	17 S.	17 M.	17 F.
S.	18 M. Þingdagarhöfud	18 F.	18 M.	18 M.	18 L.	18 Þ. Óskuldbrotuneypting	18 M.	18 L.	18 M.	18 L.	18 L.
M. Þingdagarhöfud	19 F.	19 L.	19 Þ.	19 F.	19 S.	19 M. Óskuldbrotuneypting	19 F.	19 S.	19 Þ.	19 F.	19 S.
Þ.	20 F. Þingdagarhöfud	20 S.	20 M.	20 F.	20 M.	20 F. Óskuldbrotuneypting	20 F.	20 M.	20 M.	20 L.	20 M.
M.	21 L.	21 M.	21 F.	21 L.	21 Þ.	21 F. Óskuldbrotuneypting	21 L.	21 Þ.	21 F.	21 S.	21 Þ.
F. Adalgun	22 S.	22 Þ.	22 F.	22 S.	22 M.	22 L.	22 S.	22 F.	22 F.	22 M.	22 M.
F. Adalgun	23 M.	23 M.	23 L.	23 M.	23 S.	23 M. Óskuldbrotuneypting	23 M.	23 F.	23 L.	23 Þ.	23 F.
L.	24 Þ.	24 F.	24 S.	24 L.	24 F.	24 M. Óskuldbrotuneypting	24 Þ.	24 F.	24 S.	24 M.	24 F.
S.	25 M.	25 F.	25 M.	25 L.	25 S.	25 Þ. Óskuldbrotuneypting	25 M.	25 L.	25 M.	25 F.	25 L.
M. Adalgun	26 F. Þingdagarhöfud	26 L.	26 Þ.	26 F.	26 S.	26 M. Óskuldbrotuneypting	26 F.	26 M.	26 Þ.	26 F.	26 S.
Þ.	27 F.	27 S.	27 M.	27 F.	27 M.	27 F. Óskuldbrotuneypting	27 F.	27 M.	27 M.	27 L.	27 M.
M.	28 L.	28 M.	28 F.	28 L.	28 Þ.	28 F. Óskuldbrotuneypting	28 L.	28 F.	28 F.	28 S.	28 Þ.
F.	29 S.	29 Þ.	29 F.	29 S.	29 M.	29 L.	29 S.	29 M.	29 F.	29 M.	29 M.
F.	30 M.	30 M.	30 L.	30 M.	30 F.	30 M.	30 F.	30 F.	30 L.	30 Þ.	30 F.
L.	31 F.	31 F.	31 Þ.	31 F.	31 F.	31 Þ.	31 Þ.	31 F.	31 M.	31 F.	31 F.

## 9 Fylgigögn

9.1 Fylgiskjal 1 – Umbótaþættir innra mat

9.2 Fylgiskjal 2 - Samantekt um sérkennslu/stuðning

9.3 Fylgiskjal 3 - Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.

9.4 Fylgiskjal 5 - Umsögn foreldraráðs

F. h. leikskólans .....

---

Leikskólastjóri

Dagsetning



# Fylgiskjal 1

## Umbótaþættir - innra mat

Söngstund og val á milli deilda	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
<b>Hvað þarf að bæta?</b>	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmu m við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
<b>Skipulag söngstundar</b>	Að allir viti hvaða lög á að syngja í það skiptið.	Að þema skipta lögunum sem auðveldar söngstjóra að ákveða lög vikunnar eftir árstíðum.	Að hausti og lokið að vori	Söngstjórar deildaskipt hverju sinni	Að vori með könnun til starfsmanna og barna	Þátttaka barna og gleði í hópnum
<b>Val á milli deilda</b>	Að öll börn geti tekið þátt	Færum val á milli deilda um dag og höfum hann á fimmtudegi	Sept. - júní	Deildarstjórar	Að vori með endurmati	Að þetta verði góð stund og öryggi barna í fyrirrúmi
<b>Fjórar deildar í stað þriggja í vali á milli deilda</b>	Að leyfa öllum börnum í sama aldursárgangi að taka þátt í valinu	Við ætlum að bæta einni deild við	Janúar – júní	Deildarstjórar	Að vori með endurmati	Að þetta gangi vel fyrir sig og að börnin þekki leikskólann sinn.



Útivera og heilsuefling	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
<b>Hvað þarf að bæta?</b>	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmu m við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
<b>Skipulag á útisvæðinu</b>	Að kennarar séu dreifðir um svæðin og uppfylli öryggiskröfur	Að kennarar séu meðvitaðir um að skipta sér niður eftir leiksvæðum	Allt skólaárið	Stjórnendur og kennarar	Að vori með endurmati	Skipulagt og öruggt útisvæði fyrir börnin og viðvera kennara á sínu svæði.
<b>Útivera og leikir</b>	Að börnin læri útileiki og samleik úti	Að kennarar rifji upp útileiki og /eða afli sér upplýsingar um um þá. Að kennari komi barni í leik þegar það er eitt úti.	Allt skólaárið	Stjórnendur, deildarstjórar og kennarar	Að vori með endurmati	Að öll börn leiki sér saman í útileikjum eða í samleik við aðra. Að engin sé einn úti í útiveru.
<b>Vettvangsferðir</b>	Að kynna börnunum nærumhverfi sitt með skipulögðum vettvangsferðum.	Í byrjun vetrar eru ákveðnir dagar skipulagðir vegna vettvangsferða	Farið verði í vettvangsferðir tvisvar til fjórum sinnum í mánuði	Deildastjórar	Að vori með endurmati	Að auka gönguþól og úthald allra.



Matstofan og eldhús.	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
<b>Hvað þarf að bæta?</b>	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmu m við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
<b>Matartíminn</b>	Að barnið fái þann tíma sem það þarf til að borða og hafi val um það sem sett er á disk þess.	Hættum að reka á eftir barninu. Bjóðum þeim fyrst sem eru lengi að borða. Leyfum barninu að hafa val um hvað sett er á diskinn.	Strax í byrjun skóla árs og til loka.	Matráður og starfsmenn matstofu í það skiptið.	Meta að vori með endurmati starfsmanna og barna	Vellíðan barna og þau finni að þau hafa val.
<b>Matur og brauðmeti</b>	Að matur sé unninn og eldaður frá grunni af matráði.	Hætta innkaupum á unninni kjötvöru og aðkeyptu brauði eins og hægt er	Allt skólaárið.	Matráður.	Meta að vori með endurmati.	Að lítið sé um unnar matvörur og maturinn sé í samræmi við heilsueflandi leikskóla
<b>Fjölbreyttari mat</b>	Að auka fæðutegundir á matseðli t.d. fleiri fisktegundir, meðlæti og fleiri grænmetistegundir.	Matráður sér til þess að auka fæðuvalið og ávallt sé grænmeti í boði.	Allt skólaárið.	Matráður.	Meta að vori með endurmati barna og starfsmanna.	Að maturinn sé í samræmi við matseðla heilsueflandi leikskóla.



Skráningar og svæðaleikur	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
<b>Hvað þarf að bæta?</b>	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmu m við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
<b>Fjölgun skráninga</b>	Að fjölga skráningum fyrir hvert barn og að kennarar séu meðvitaðir um að grípa augnablikið í leik og starfi barnsins.	Að spjaldtölvur og snjallsímar deildar séu ávallt sett í hleðslu í lok dags svo hægt sé að grípa til þeirra eftir þörfum.	Allt skólaárið.	Deildarstjóri eða sá starfsmaður sem fær úthlutað því verkefni að halda utan um skráningar af deildarstjóra.	Að vori með endurmati.	Að öll börn séu með lágmark þrjár skráningar eftir veturinn. Að skráningar séu frá flestum viðburðum starfsins.
<b>Svæðaval og þemaverkefni</b>	Að auka fjölbreytileika í svæðavali og virkja alla kennara til að koma að svæðavinnunni.	Að kennarar verði duglegir að bjóða upp á fjölbreytt námsval á svæðum og jafnvel bjóða upp á aldurskipt þemaverkefni.	Allt skólaárið	Deildarstjóri.	Að vori með endurmati	



## Fylgiskjal 2

### Samantekt um sérkennslu/stuðning

Vísbending	Já eða nei/fjöldi	Ef nei, þarf að koma tímasetning um áætlun á innleiðingu hér.
Hversu mörg börn í 1. flokki njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum?	2	
Hversu mörg börn í 2. flokki njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum	3	
Hversu mörg börn njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum frá sérkennslustjóra (önnur en börn í 1. og 2. flokki)	19	
Hve margir sinna sérkennslu/stuðningi í leikskólanum?	6	
Er til áætlun um málörvun í leikskólanum?	Já	
Er til áætlun um snemmtæka íhlutun í leikskólanum?	Já	
Eru gerðar einstaklingsnámskrár í samvinnu við hagsmunaaðila (foreldrar, börn og starfsfólk)	Já	
Eru einstaklingsnámskrár í virkri notkun?	Já	
Þekkir starfsfólk deildarinnar þær áherslur sem verið er að vinna með hverju sinni fyrir börn með stuðning?	Já	
Eru reglulegir teymisfundir með foreldrum/forráðamönnum og öðrum sérfræðingum sem að barninu koma?	Já	
Er veitt ráðgjöf og stuðningur til foreldra?	Já	
Er samstarf við þjónustumiðstöð og aðrar stofnanir?	Já	Ef já þá hvaða aðrar stofnanir, Greiningar- og ráðgjafastöð ríkisins, Slf-Æfingastöðin. Þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts.
Er samvinna milli sérkennslustjóra og starfsmanna leikskólans?	Já	
Veitir sérkennslustjóri fræðslu, ráðgjöf og stuðning til starfsmanna?	Já	



### Fylgiskjal 3

Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.

Vísbending	Já eða nei	Hvernig?/Með hvaða aðferðum?/Dæmi
Vinna með íslensku sem annað mál og virkt tvítýngi		
Er markviss vinna með daglegan orðaforða? (grunnorðaforða)		
Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna?		
Er fylgst með framförum barnanna?		
Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? <ul style="list-style-type: none"><li>• Orðaforði og málskilningur</li><li>• Tjáning og frásögn</li><li>• Hlustun og hljóðkerfisvitund</li><li>• Ritmál</li><li>• Félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar, löngun</li></ul>		

#### Niðurstöður innra mats

Sérkennslustjóri hefur undanfarin ár séð um alla málvörun á leikskólanum. Mikið af málörvunarefni er nú þegar til. Sérkennslustjóri sér um fræðslu og ráðgjöf til starfsfólks eftir þörfum. Verðum með aðgengilegt lesefni fyrir starfsfólk.

Við erum með ferðabangsa sem fer heim með einu barni um hverja helgi. Þar upplifir bangsinn heimameninguna með barninu. Barnið og bangsinn segja frá helginni. Erum með fána á öllum hólum barnanna frá því landi sem móðurmál barnsins er frá.

Börnin tala við hvort annað í leik og starfi. Lestur og söngur í samveru á hverjum degi. Við höfum reynt að fylgja 10 mínútna reglunni, sérstaklega fyrir tvítengd börn. Hún gengur út á að talað sé við





hvert barn í að minnsta kosti 10 mínútur á dag, orðaforðinn efldur með því að setja orð á hluti og athafnir t.d í fataherberginu, í frjálsa leiknum, í morgunmatnum og hressingunni svo eitthvað sé nefnt. Erum með þar til gerðan lista sem starfsmaður hverrar deildar merkir við orðaforða hjá tvítyngdum börnum. Þannig sjáum við framfarir. Þegar börnin verða eldri 2,9 ára fara þau í málþroskamat Efi-2 og þegar þau eru á síðasta ári í leikskóla fara þau í Hljóm-2 og þar er markvisst unnið með hlustun, hljóðkerfisvitund og ritmál. Við byrjum strax á yngstu deildunum að vinna með hljóðkerfisvitundina með því að setja orð á athafnir og klappa atkvæði. Einnig notum við mikið félagsfærnisögur fyrir tilfinningar og athafnir.

Á aðlögunartímum gefur starfsfólk sér tíma til að kynnast börnum og foreldrum. Unnið er markvisst að því að finna út úr því hvað hentar hverju barni. Þöntum túlk eftir þörfum og reynum að þýða á viðeigandi tungumál mikilvægar upplýsingar. Einnig erum við með fjölbreyttan starfsmannahóp frá ýmsum löndum og höfum við nýtt okkur það sem stuðning fyrir erlendu börnin og í þýðingar á ýmsu efni. Ef tvítyngd börn sýna strax merki um málþroska vanda, fer strax af stað ferli sem sérkennslustjóri hefur umsjón með ásamt þjónustumiðstöð og viðeigandi fagfólki. Við hvetjum forelda til að tala sitt móðurmál heima og barnið fær málörvun á íslensku í leikskólanum.



Umbótaþættir Annað móðurm. en íslenska	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmu m við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Orðaforða, framburð og skilning á Íslensku	Að börnin geti gert sig skiljanleg á íslensku og skilji einföld skilaboð.	Í sérstökum málörvunar hópum. Nota gefðu 10 regluna.	Á haustmánuð um eftir aðlögun.	Sérkennslustjóri og deildarstjórar.	Efi- tekið á öllum 3 ára börnum. Meta að hautsi og aftur um áramót sjá hvernig framfarir hafa orðið.	Að barnið geti sagt 3-4 orða setningar. Skilji einföld fyrirmæli. Geti haft samskipti á íslensku við aðra í kringum það.



**Fylgiskjal 5**

**Starfsáætlun 2019 – 2020  
Leikskólinn Geislabaugur**

**Umsögn foreldraráðs**

**Foreldraráð leikskólans skipa:**

**Eva Sigríður Sævarsdóttir  
Garðar Kristinsson  
Kristín Eva Harðardóttir**



## Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.



## Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

## Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

## Umsögn foreldraráðs:

Í leikskólanum Geislabaugi er unnið gott starf sem er í stöðugri þróun.

Mjög jákvætt er að sjá að samkvæmt könnun Reykjavíkurborgar er ánægja starfsmanna að aukast auk þess sem foreldrar eru jákvæðari í garð leikskólans og þess starfs sem fer þar fram. Þó er áhyggjuefni að starfsmaður leikskólans finnist hann lagður í einelti og ber að uppræta það.



Einnig þarf að fjölga leikskólakennurum innan skólans, einungis 4 útskrifaðir leikskólakennarar telst varla fullnægjandi.

Mjög gaman verður að fylgjast með öllum þeim nýjungum sem leikskólinn er að taka inn í starfið hjá sér s.s. verkefnastjóra í skapandi starfi, Leikur og lærum og Vinátta. Að efla félagsfærni og tala fyrir framan aðra ætti að koma börnunum að góðum notum, bæði í leikskólanum og ekki síður þegar þau fara í grunnskóla. MJög jákvætt er að skipta börnunum upp í minni hópa og ná þar af leiðandi betur til hópsins og að sinna börnunum betur. Það er einnig jákvætt að færa “val á milli deilda” á fimmtudaga og að hafa ekki margt sama daginn.

Það er spurning með að hafa einhvers konar skráningu í matartíma, til dæmis að þau merki sjálf við hvernig þau borðuðu í hádeginu. Aukin fjölbreytni í mataræði og hrein fæða er mikilvæg ekki síst nú á dögum og ánægjulegt að leikskólinn taki það frumkvæði að auka við tegundir á grænmeti og öðrum mat sem börnunum er gefin.

Þáttur leikskóla í læsi barna er sífellt meiri og gott að sjá að starfsfólk Geislabaugu stendur sig vel í þeim efnum. Þau setja sér til dæmis góð markmið í sambandi við málörvun og að vinna með hljóðin. Starfsfólkið hefur sótt námskeið m.a. í Tákni með tali og Storytelling sem mun vonandi koma að góðum notum í vetur og glæða starfið enn meira lífi.

Það er áskorun að sinna þremur árgöngum á Fjalli, Laut og Sól og vinna verkefni við hæfi allra. Starfsfólkið virðist leysa það vel af hendi. Það er leitt ef það bitni á starfi inni á deildum að hafa aldursdreifinguna, til dæmis þegar yngstu börnin fara í hvíld. Það væri kannski hægt að sameina aldurshópana þennan part dagsins til að ná að sinna því starfi.

Skólalóðin hefur tekið stakkaskiptum og orðin til fyrirmyndar. MJög forvitnilegt verður að fylgjast með hvað verður gert við norður hluta garðsins. Eftirlit með lóðinni og þar með leiksvæði barnanna þarf að vera mikið og passa vel upp á að ekki séu óæskilegir hlutir á lóðinni sem geta verið mjög hættulegir fyrir börn og starfsfólk. Yfirferð og athugun á lóð þarf að vera mjög skipulögð og vel unnin.

Það er mjög gott að starfsmenn taki þátt í útiveru barnanna, það þýðir vonandi að þeir hafi meira eftirlit sem eykur öryggi og getur auk þess virkað sem forvörn gegn einelti.

Öll hreyfing er af hinu góða og því er mjög jákvætt að stefnt sé á áframhaldandi danskennslu fyrir næstelstu börnin og vonandi verður einnig hægt að bjóða upp á jóga kennslu.

Það er spennandi vetur að fara af stað og gaman verður að fylgjast með þróuninni og því metnaðarfulla starfi sem unnið er á Geislabaugi.



